

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

334. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. að Gylfaflöt 5, mánudaginn 28.04.2014, kl. 07:30.

### Mættir eru:

Margrét Gauja Magnúsdóttir, Páll Hilmarsson, Karl Sigurðsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Hafsteinn Pálsson og Ómar Stefánsson. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni Hjarðar. Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri er fjarstödd.

Gestur fundarins undir lið 1 er Stefán Gíslason og undir lið 2 er Guðmundur Ólafsson.

### Tekið fyrir:

#### 1. Umsögn og kynning Environice um Aikan lausn

Stefán Gíslason kynnir minnisblað Environice „Gas- og jarðgerðarstöð á höfuðborgarsvæðinu –kostir og gallar“.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að gera greinargerð um umsögn Environice sem lögð verði fram á næsta fundi.

#### 2. Kynning Mannvit á mismunandi gasgerðarlausnum

Kynnt samantekt Mannvit á mismunandi tæknilausnum við gas- og/eða jarðgerð. Niðurstaða Mannvit er að hagkvæmasti kosturinn fyrir SORPU sé Aikan stöð til meðhöndlunar á blönduðum heimilis- og rekstrarúrgangi, ásamt lítilli eins þrepa votvinnslu til hliðar.

#### 3. Samningur um vélavinnu í Álfsnesi

Lagt fram og kynnt minnisblað yfirverkfræðings til framkvæmdastjóra dagsett 3.4.2014 er varðar „Þjónustu við móttöku og frágang úrgangs í Álfsnesi“. Þar er lagt til að núverandi samningur við HJ Bíla verði framlengdur í tvö ár frá 01.09.2014 að telja. Samþykkt.

#### 4. Erindi Landgræðslu Ríkisins

Lagt fram bréf Landgræðslu Ríkisins dagsett 2. apríl 2014 þar sem óskað er samvinnu við SORPU um nýtingu á jarðvegsbæti úr fyrirhugaðri gas- og jarðgerðarstöð. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ræða við Landgræðslu Ríkisins um mögulega nýtingu jarðvegsbætis úr fyrirhugaðri gas- og jarðgerðarstöð sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn <sup>12.</sup> 5. maí 2014 klukkan 07.30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 09:35.

Fundarritari Bjarni Hjarðar.

Margrét Gauja Magnúsdóttir  
Ómar Stefánsson  
Páll Hilmarsson  
Bjarni Torfi Álfþórsson  
Bjarni Hjarðar

Hafsteinn Pálsson  
Karl Sigurðsson  
Guðmundur Ólafsson